

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs**

Fundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 18. mars 2015. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

### **a) Áframhald á yfirferð umsókna**

Haldið var áfram þar sem frá var horfið við yfirferð umsókna. Klárað var að fara yfir allar þær umsóknir sem að stjórnarmenn töldu að væru ekki nægilega sterkar eða féllu nægilega vel að áherslusviðum þessa árs. Að lokinni þeirri yfirferð var byrjað að fara yfir þær umsóknir sem að

Megin viðfangsefni þessa fundar var að hefja yfirferð umsókna en alls bárust 172 umsóknir og var heildarupphæð umsókna 362.640.928 mkr. Umsýsluaðili hefur skipt umsóknum á milli stjórnarmanna í rafrænu umsóknarkerfi sjóðsins og verður fundurinn nú notaður fyrir fyrstu yfirferð umsókna. Að þessu sinni var farið yfir hluta umsókna og gerður stjórnarmenn grein fyrir því hvaða umsóknir þeir teldu að væru ekki nægilega sterkar til að koma til greina að þessu sinni og var það rökrætt á fundinum. Ákveðið var að stjórnin skyldi hittast á næsta vinnufundi þann 18. mars en þá skyldi haldið áfram með yfirferð umsókna.

Fundi var slitið 15:30